



Reykjavík, 19. september 2019

R19020236

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Lækjargata 8 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 19. september 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. september 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 11. september 2019 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.140.5, Pósthússtrætisreits, vegna lóðarinnar nr. 8 við Lækjargötu, ásamt fylgiskjölum.


Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Markmið tillögunnar er að bæta ásýnd og nýtingu á svæðinu bak við Lækjargötu 8. Skúr á baklóð og bygging við Lækjargötu 6 verða fjarlægð, en nýjar byggingar koma í stað þeirra. Einnig kemur tveggja hæða nýbygging með portbyggðu risi og kvistum ofan á innkeyrsluramp á baklóðinni. Það hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem bárust við útfærslu breytinganna og er það vel.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Miðflokksins tekur undir innsendar athugasemdir og veltir fyrir sér hvers vegna verið er að leyfa þreföldun byggingarmagns á téðri lóð með tilheyrandi skerðingu gæða nágranna. Núgildandi deiliskipulag er frá árinu 2008 og því ekki um eðlilega breytingu að ræða vegna breyttra tíma. Í málfutningi er talað um óverulegar breytingar, en raunin er þreföldun byggingamagns. Það eru ekki óverulegar breytingar. Í ljósi nýlegra úrskurða Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála telur fulltrúi Miðflokksins rétt að staldra hér við og að tekið verði tillit til innsendra athugasemda.



Bjarni Þóroddsson

e.u.